

**76** reikning yfir refaveiðakostnaðinn á árinu. Allan annan kostnað við eyðing refa í heimahög-  
25. ágúst um, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði, þó  
kosta ábúendur grenjaleitir samkvæmt 24. gr.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt  
samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð  
til að öðlast gildi 1. september 1920.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 25. ágúst 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

**77**  
3. sept.

## Reglugjörð

### um skemtanskatt í Bolungavík.

#### 1. gr.

Reglugjörðin gildir fyrir skemtisamkomur, sem haldnar eru í Bolungavík, og sem  
almenningi er seldur aðgangur að.

#### 2. gr.

Skattskyldar samkomur eru: Fyrirlestrar, upplestur alskonar, sjónleikir, myndasýningar  
alskonar, íþróttasýningar, einsöngur, kveðskapur og gamanvísur »þó sungnar sjeu«, eftirhermur,  
sjónhverfingar, skrautsýningar, dansleikir, böglauppboð, hlutaveltur og annað, sem til skemtana  
er notað og er í eðli sínu samskonar og nú er talið. Ennfremur skulu »spiritista«-samkomur  
þær, sem aðgangur er seldur að, taldar skattskyldar.

#### 3. gr.

Skatturinn er hundraðsgjald af inngangseyri »brúttó«, og greiðist af hverri tegund  
samkoma þannig:

- a. af fyrirlestrum, upplestri og sjónleikjum greiðist 5%
- b. af myndasýningum, íþróttasýningum, samsöng og spiritistasamkomum greiðist 10%
- c. af einsöng, sjónhverfingum, kveðskap og skrautsýningum greiðist 15%
- b. af eftirhermum, dansleikjum, böglauppboðum og hlutaveltum greiðist 20%.

Þegar skemtunar koma fyrir, sem hjer eru ekki taldar, en sem skattskyldar álítast  
samkvæmt 2. gr., skal greiða sama skatt af þeim og þeim skemtunum, sem þær eru svipað-  
astar, af þeim sem hjer hafa verið taldar. Þegar fleiri en ein skemtun er höfð á sömu sam-  
komu, skal skatturinn reiknaður fyrir þá skemtun, sem lengstan tíma stendur yfir af sam-  
komunni.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir eftirlit með að reglugjörð þessari sje hlýtt og sjer um  
innheimtu skattsins. Ræður hún sjerstakan mann til þess fyrir sína hönd, og nefuist hann

eftirlitsmaður skemtana. Eftirlitsmaður innheimtir skattinn og hefir eftirlit með skemtunum eins og þurfa þykir.

77  
3. sept.

5. gr.

Aðgöngumiðar á allar skattskyldar samkomur skulu þannig gerðir, að á aðra hlið þeirra sje skráð það sem, samkomunni viðkemur, en á hinni hliðinni sje aðeins innsigli eftirlitsmanus. Eftirlitsmaður skal ávalt hafa til nægar birgðir af stimpluðum aðgöngumiðum. Kostnaðurinn við seðlana greiðist af skatttekjunum.

6. gr.

Hver, sá sem halda vill skattskylda samkomu samkvæmt 2. gr., skal tilkynna það eftirlitsmanni skemtana. Eftirlitsmaður skal láta honum í tje eins marga aðgöngumiða og hann óskar. Þegar samkomunni er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti, að fráregnum hinum ónotuðu. Þó má draga frá miða, sem varið hefir verið handa starfsmönnum samkomunnar.

7. gr.

Skatttekjum þessum, skal varið til styrktar sjúkrahúsbyggingu í Bolungavík, og þegar sjúkrahús hefir verið bygt, skal þeim varið til reksturskostnaðar þess.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að semja til eins árs í senn um ákveðna skattgreiðslu fyrir hverja sýningu, eða í eitt skifti fyrir öll, við þann eða þá, sem halda uppi stöðugum skattskyldum samkomum, til dæmis kvikmyndafjelög, leikfjelög o. s. frv. Einnig er hreppsnefnd heimilt að veita undanþágu frá skattgreiðslu, í eitt skifti í senn, fyrir skemtanir eða samkomur, sem haldnar eru í sjerstöku góðgerða- eða fræðslu-skygni.

9. gr.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34, 22, nóvember 1918, um skemtana-skatt, og gilda sektarákvæði þeirra laga um brot gegn henni.

10. gr.

Reglugjörð þessi er samín af hreppsnefnd Hólshrepps og öðlast gildi þegar dóms-málaráðherra hefir staðfest hana.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hólshrepps í Ísafjarðarsýslu hefir samþykkt, er hjer með staðfest samkvæmt lögum 22. nóvember 1918 til að öðlast gildi 1. október 1920, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. september 1920.**

**Jón Magnússon.**

*G. Sveinbjörnsson.*